



Skólareglur Flóaskóla

Hugur - Hjarta - Hönd

Samskipti

Nemendur koma vel fram við alla í skólasamfélaginu með því að:

- Sýna virðingu og umburðarlyndi
- Bera ábyrgð á hegðun sinni og framkomu
- Hlusta þegar aðrir tala
- Biðja um leyfi til að fara úr kennslustund
- Biðja um aðstoð við sjálfstjórn

Umgengni

Nemendur ganga vel um skólann með því að:

- Ganga vel um húsnæði og eigur skólans
- Fara vel með námsgögn
- Setja hluti á sinn stað
- Ganga innan veggja skólans
- Ganga vel um lóð skólans
- Ganga vel um matsalinn í Þjórásarveri
- Bera ábyrgð á persónulegum eigum sínum

Stundvísi

Nemendur tileinka sér stundvísi með því að:

- Mæta í kennslustundir á réttum tíma
- Mæta í skólabíl á réttum tíma

Ástundun náms

Nemendur sýna góða ástundun með því að:

- Leggja sig fram við að bera ábyrgð á eigin námi
- Vera vinnusamir í kennslustundum
- Veita vinnufrið í kennslustundum
- Vinna að margvíslegum verkefnum við fjölbreyttar kennsluaðferðir og umhverfi

Heilbrigðar lífsvenjur

Nemendur tileinka sér hollustu og heilbrigðar lífsvenjur.

- Gosdrykkir og sælgæti er einungis í boði þegar starfsmenn gefa leyfi.
- Orkudrykkir, tóbak, reykingar, áfengi og önnur vímuefni eru með öllu óheimil á skólatíma.
- Nemendur í 1.-6. bekk fara út í frímínútur nema ef starfsmenn gefa leyfi.
- Nemendur eiga kost á að vera inni í 1 dag eftir veikindi hafi þeir skriflegt leyfi frá foreldrum.
- Notkun snjalltækja í kennslustundum er einungis leyfð að gefnu samþykki kennara, snjalltækin eru aðeins notuð í námslegum tilgangi.

Viðbrögð ef skólareglum er ekki fylgt

1. Fylgi nemandi ekki skólareglum þarf hann að eiga samtali við starfsmann skólans og koma með hugmynd að lausn um hvernig hann geti bætt sig.
2. Neiti nemandi samvinnu hefur umsjónarkennari samband við foreldra og leitar frekari lausna.
3. Komi ítrekað til þess að nemandi fylgi ekki skólareglum er málinu vísað til lausnateymis skólans sem fjallar um málið og finnur því réttan farveg.

Umsjónarkennari upplýsir foreldra ef nemandi fylgir ekki skólareglum eins fljótt og auðið er.

Skólareglur Flóaskóla voru endurskoðaðar af samskiptateymi á vorönn 2018 og taka þær gildi frá og með haustönn 2018. Skólareglurnar eru byggðar á gildandi *grunnskólalögum* (2008), *aðalnámskrá grunnskóla* (2011) og *reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum* (2011).